

# AkureyrarAkademían

Ársreikningur 2023

# Efnisyfirlit

---

**Bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>3</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>4 - 5</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>6</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>7</b>
Skýringar og sundurliðanir .....	<b>8 - 11</b>

## Skýrsla stjórnar

AkureyrarAkademían er samfélag fólks á Norðurlandi sem stundar háskólanám og sinnir fræði- og ritstörfum. Félagið var stofnað á árinu 2014 og tók við starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og samstarf.

Stofnendur stofnunarinnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni.

Afgangur varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2023 að fjárhæð kr. 731 þús. samanborið við kr. 4,3 millj. í afgang af rekstri árið 2022. Heildareignir í árslok námu kr. 35,1 millj. og eigið fé stofnunarinnar var kr. 15,1 millj.

Það er álit stjórnar AkureyrarAkademiunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun komi fram í ársreikningnum.

Stjórn AkureyrarAkademiunnar staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Akureyri, 13. maí 2024

Stjórn:

Sigurgeir Guðjónsson  
Þórhallur S. Bjarnason  
Sara Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Aðalheiður Steingrimsdóttir

*Sigurgeir Guðjónsson*  
280865-2949

*Þórhallur S. Bjarnason*  
170950-2919

*Sara Stefánsdóttir*  
041076 3999

*Aðalheiður Steingrimsdóttir*  
020753-5019

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar AkureyrarAkademíunnar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Óhæði

Við erum óháð AkureyrarAkademíunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi AkureyrarAkademíunnar. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

### Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 13. maí 2024

Enor ehf.



Niels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		10.500.000	9.700.000
Leigutekjur .....		3.419.037	2.625.999
Aðrar rekstrartekjur .....		344.558	5.828.517
		<u>14.263.595</u>	<u>18.154.516</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Verkefnakostnaður .....		1.585.759	2.632.672
Laun og launatengd gjöld .....	3	4.554.982	4.668.528
Rekstur fasteignar .....		2.277.038	2.527.365
Annar rekstrarkostnaður .....		2.392.313	1.948.468
Afskriftir .....		869.147	656.041
		<u>11.679.239</u>	<u>12.433.074</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		2.584.356	5.721.442
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		360.593	126.915
Vaxtagjöld .....		(2.213.536)	(1.539.349)
		<u>(1.852.943)</u>	<u>(1.412.434)</u>
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<u>731.413</u>	<u>4.309.008</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Fasteignir .....		23.220.000	23.865.000
Skrifstofubúnaður og áhöld .....		1.527.102	651.446
		24.747.102	24.516.446
<b>Fastafjármunir samtals</b>		24.747.102	24.516.446
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....		12.650	15.319
Handbært fé .....		10.336.974	9.256.343
		10.349.624	9.271.662
<b>Eignir samtals</b>		35.096.726	33.788.108
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	5		
Stofnfé .....		1.083.000	1.083.000
Varasjóður .....		14.044.695	13.313.282
		15.127.695	14.396.282
<b>Skuldir</b>			
Langtímalán :			
Skuldir í íslenskum krónum .....	6	17.180.091	17.582.847
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímalána .....	6	1.139.012	1.093.234
Viðskiptaskuldir .....		130.089	39.760
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		850.000	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....		669.839	675.985
		2.788.940	1.808.979
<b>Skuldir samtals</b>		19.969.031	19.391.826
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		35.096.726	33.788.108

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

AkureyrarAkademían er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. AkureyrarAkademían sem var stofnuð á árinu 2014 er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af leigutekjum vegna aðstöðu ásamt framlögum og styrkjum til rekstrar stofnunarinnar.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að stofnunin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem var til þegar til skuldarinnar var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

Lán sem reiknað er með að komi til greiðslu innan 12 mánaða eru flokkuð sem skammtímaskuldir í efnahagsreikningi.



# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Laun .....	3.700.500	3.550.000
Lífeyrisiðgjöld .....	449.857	699.353
Tryggingagjald .....	270.175	269.310
Áunnið orlof, breyting .....	27.995	46.193
Önnur launatengd gjöld .....	106.455	103.672
	4.554.982	4.668.528
Fjöldi ársverka .....	0,5	0,5

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Skrifstofuáhöld og búnaður	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun .....	23.865.000	651.446	24.516.446
Viðbót ársins .....	0	1.099.803	1.099.803
Afskriftir .....	(645.000)	(224.147)	(869.147)
Bókfært verð í árslok .....	23.220.000	1.527.102	24.747.102
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:			
Kostnaðarverð .....	25.800.000	1.762.290	27.562.290
Afskrifað samtals .....	(2.580.000)	(235.188)	(2.815.188)
Bókfært verð í árslok .....	23.220.000	1.527.102	24.747.102
Afskriftahlutföll .....	2,5%	20%	

### Fasteigna- og vátryggingamat eigna

Fasteignir félagsins í árslok 2023 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Sunnuhlíð 12-110, Akureyri .....	21.400.000	93.350.000	23.220.000

## 5. Eigið fé

Heildarstofnfé nam í árslok kr. 1.083.000.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Varasjóður	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun .....	1.083.000	13.313.282	14.396.282
Hagnaður (tap) ársins .....		731.413	731.413
Staða í árslok .....	1.083.000	14.044.695	15.127.695

# Skýringar

## 6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Skuldir við lánastofnanir .....	17.180.091	17.582.847
Næsta árs afborganir .....	<u>1.139.012</u>	<u>1.093.234</u>
Langtímaskuldir samtals .....	18.319.103	18.676.081
Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:		
Skuldir í ISK, óverðtryggðar - vextir 13,15% .....	18.319.103	18.676.081
Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok 2023.		
Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2023 greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2024 .....		1.139.012
Árið 2025 .....		1.139.012
Árið 2026 .....		1.139.012
Árið 2027 .....		1.139.012
Árið 2028 .....		1.139.012
Síðar .....		<u>12.624.045</u>
		18.319.103

## Sundurliðanir með ársreikningi

Rekstrartekjur	2023	2022
Ríkisframlög .....	10.500.000	9.700.000
Húsaleigutekjur .....	3.419.037	2.625.999
Félagsgjöld .....	85.178	64.557
Styrkir og önnur framlög .....	250.000	1.037.704
Aðrar tekjur .....	9.380	4.726.256
	<b>14.263.595</b>	<b>18.154.516</b>

Rekstrargjöld	2023	2022
<b>Verkefnakostnaður</b>		
Fyrirlestrar á hjúkrunarheimilum .....	427.688	361.737
Bakarís fyrirlestrar .....	210.960	0
Ný vefsíða .....	409.280	699.703
Kynningarbæklingur .....	165.160	0
Málþing í Hofi .....	352.564	528.039
Undirbúningur á sögugöngu og málþingi AKAK .....	0	540.000
Akureyrarvaka .....	0	437.977
Málþing AKAK og HA .....	0	60.000
Opið hús .....	20.107	5.216
	<b>1.585.759</b>	<b>2.632.672</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	3.700.500	3.550.000
Lífeyrisiðgjöld .....	449.857	699.353
Tryggingagjald .....	270.175	269.310
Áunnið orlof, breyting .....	27.995	46.193
Önnur launatengd gjöld .....	106.455	103.672
	<b>4.554.982</b>	<b>4.668.528</b>
<b>Rekstur fasteignar</b>		
Fasteignagjöld .....	514.141	465.795
Rekstur sameignar .....	583.584	550.626
Viðhaldskostnaður .....	247.734	370.281
Rafmagn og hiti .....	237.679	164.210
Ræsting og hreinlætisvörur .....	312.322	342.810
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	116.982	346.503
Kaffistofa .....	122.354	114.670
Tryggingar fasteignar .....	142.242	172.470
	<b>2.277.038</b>	<b>2.527.365</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Póst- og sendingarkostnaður .....	9.785	10.170
Auglýsingar .....	114.773	152.139
Pappír, prentun og ritföng .....	100.993	79.150
Endurskoðun og reikningskil .....	527.400	482.502
Vefsíðu, síma og internetkostnaður .....	274.603	276.861
Ferðakostnaður .....	669.385	263.813
Fundakostnaður .....	186.479	85.347
Bankakostnaður og þjónustugjöld .....	39.059	29.972
Starfsmannatengdur kostnaður .....	62.576	14.798
Ýmis annar kostnaður .....	407.260	553.716
	<b>2.392.313</b>	<b>1.948.468</b>